Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 31. ágúst 2016
Tilvísun 111
MKÁ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með síðari breytingum (losun fjármagnshafta), 826. mál

Vísað er til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 22. ágúst sl. þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með síðari breytingum (losun fjármagnshafta), 826. mál.

Kauphöll Íslands hf. (**„Nasdaq Iceland“** eða **„Kauphöllin“**) fagnar því að fram sé komið frumvarp sem ætlað er sem skref í átt að fullri losun fjármagnshafta. Það er ljóst að neikvæð áhrif langvarandi fjármagnshafta á íslenskt efnahagslíf verða vart metin til fulls og því er nauðsynlegt að nýta færið sem nú gefst til afnáms hafta. Þær tillögur sem fólgnar eru í frumvarpinu eru stórt skref í þá átt en þó er skýrt að ekki á að taka skrefið að fullu að sinni. Fyrirséð er að þær breytingar sem boðaðar eru með frumvarpinu munu veita almenningi og fyrirtækjum í landinu aukið svigrúm til fjárfestinga erlendis. Dagleg áhrif fjármagnshafta á almenning og fyrirtæki í landinu minnka þannig til muna, en þó er fyrirséð að áhrif þeirra munu áfram vara í þeim takmörkunum sem eftir standa og umfangsmiklum eftirlitsheimildum og –skyldum Seðlabanka Íslands.

Kauphöllin telur ástæðu til að draga fram ákveðin atriði í frumvarpinu sem vert er að huga að. Þar má fyrst nefna að þó svo að með frumvarpinu sé stigið stórt skref í átt að afnámi hafta þá munu áfram vera umtalsverðar skorður á fjármagnsflutningi á milli landa og gjaldeyrisviðskiptum. Þannig er fjárhæðarviðmiðum m.a. stillt í hóf í þeim tilgangi að koma í veg fyrir óhóflegt álag á lausafjárstöðu fjármálafyrirtækja og greiðslujöfnuð. Kauphöllin tekur undir að hér sé um að ræða lögmæt varfærnissjónarmið en hvetur þó til þess að umrædd fjárhæðarviðmið verði afnumin að fullu án ónauðsynlegrar tafar.

Ákvæði frumvarpsins um auknar eftirlitsskyldur Seðlabankans vekja enn fremur ákveðinn ugg. Seðlabankanum hefur á undanförnum árum verið falið gríðarlegt vald varðandi mótun á umgjörð og reglum um fjármagnshöftin ásamt því sem honum er ætlað að fara með ríkar eftirlitsheimildir og valdbeitingu vegna laga og reglna um gjaldeyrismál. Frumvarpinu virðist ekki ætlað að draga úr þessu eftirlitshlutverki Seðlabankans, heldur virðast tillögurnar þvert á móti fela í sér auknar kröfur til eftirlitsins. Hvað þetta varðar má m.a. nefna breytingu þá sem boðuð er í d-lið 12. gr. frumvarpsins þar sem aðilum er gert skylt, að viðlögðum dagsektum, að tilkynna Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa. Í þessu virðist fólgin skylda á aðila sem koma að slíkum viðskiptum til að tilkynna um allar fjármagnshreyfingar og öll gjaldeyrisviðskipti til Seðlabankans. Velta má fyrir sér þörfinni á því að Seðlabankinn safni saman svo umfangsmiklum upplýsingum um einkahagi almennings og fyrirtækja. Eðlilegt er að spyrja þeirrar spurningar hvort ekki færi betur á því að Seðlabankinn hefði heimild til að kalla sérstaklega eftir afmörkuðum upplýsingum við rannsókn ákveðinna mála eða þegar grunur vaknar um að fjárhæðarmörk hafi ekki verið virt. Þess skal getið í þessu samhengi að Seðlabankanum sjálfum er falið að setja reglur um framkvæmd tilkynningarskyldunnar og undanþágur frá henni í tilfelli viðskipta sem ekki er talin sérstök þörf á að séu tilkynnt. Í ljósi þess að um fjárhagsupplýsingar er að ræða er snerta almenning og fyrirtæki í landinu er þó full ástæða til að gæta meðalhófs þegar stjórnvaldi eru veittar slíkar heimildir. Það

er því skoðun Kauphallarinnar að betur færi á því að Alþingi afmarkaði með skýrari hætti umrædda kröfu um upplýsingagjöf til Seðlabankans með tilliti til meðalhófs.

Að virtum þeim athugasemdum sem raktar hafa verið hvetur Kauphöllin til þess að frumvarpið verði samþykkt en þó með þeim skilaboðum að brýnt sé að nýta það færi sem nú gefst í því efnahagsumhverfi sem hefur skapast á undanförnum árum og flýta fullri losun fjármagnshafta eins og kostur er. Kauphöllin hefur ekki frekari athugasemdir við tillögurnar og er fús til frekari umræðu eða samstarfs um ofangreind mál.

Virðingarfyllst,

Magnús Kristinn Ásgeirsson,
forstöðumaður lögfræðisviðs,
Nasdaq Iceland